

FRUMTIGNARVÍSUR

*Óþekkt ljóðabréf eftir séra Einar Sigurðsson í Eydölum**

„FRUMTIGNARVÍSUR“ er yfirskrift kvæðis sem aðeins er varðveitt í einu handriti svo vitað sé, Lbs 847 4to, bl. 222v–23v. Handritið var skrifað árið 1693, eins og fram kemur á titilsíðu, og inniheldur að stórum hluta trúarleg kvæði frá 17. öld. Enginn höfundur að kvæðinu er tilgreindur í handritinu en í þeim hluta þess þar sem kvæðið er uppskrifað eru kvæði og vísur eftir bæði nafngreind skáld og ónafngreind. Hér verða færð rök fyrir því að Frumtignarvísur séu eftir skáldið séra Einar Sigurðsson (um 1538–1626) í Eydölum og að kvæðið sé ljóðabréf ort handa syni hans séra Gísla Einarssyni (um 1570–um 1660) sem þá var prestur í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Rýnt verður í efni ljóðabréfsins og fjallað um varðveislu þess í handritamenningu 17. aldar. Í handritinu koma tvö styttri kvæði eða brot úr kvæðum strax á eftir Frumtignarvísunum og virðast með einhverjum hætti tilheyra eða tengjast ljóðabréfinu. Hér verður sett fram tilgáta um hugsanlega skýringu á því. Ljóðabréfið, ásamt „fylgikvæðum,“ verður gefið út bæði stafrétt og með nútímastafsetningu og greinarmerkjasetningu útgefanda.

2 Ljóðabréf eftir séra Einar Sigurðsson í Eydölum

Ljóðabréf er bókmenntagrein sem á rætur að rekja allt til fornklassískra höfunda en verður vinsæl á endurreisnartímanum í Evrópu.¹ Skáld ortu kvæði eftir reglum ljóðabréfa án þess að þau væru beinlínis ætluð ákveðnum viðtakanda en einnig voru ort ljóð sem sannarlega komu í stað sendibréfa og voru ort til ákveðinna viðtakenda sem stundum voru nafngreindir í kvæðinu eða fyrirsögn kvæðisins en þó alls ekki alltaf. Hérlandis

* Ég þakka Guðvarði Má Gunnlaugssyni og Margréti Eggertsdóttur fyrir yfirllestur á greininni og tveimur ónafngreindum ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

1 Jakob Benediktsson (ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, 1983), 171.

fara menn að yrkja ljóðabréf seint á 16. öld eða snemma á 17. öld. Flest varðveitt ljóðabréf eftir íslensk skáld voru ort á móðurmálinu en einnig má finna ljóðabréf á latínu enda var skólapiltum í latínuskólunum kennt að yrkja slík kvæði.² Efni ljóðabréfanna var gjarnan árnaðaróskir, fyrirbærir, þakklæti, samúðarkveðjur og siðaboðskapur en einnig voru sagðar fréttir úr heima-högum skáldsins eða greint frá þeim aðstæðum sem skáldið bjó við.³

Ekki eru mörg ljóðabréf varðveitt eftir séra Einar Sigurðsson í Ey-dölum svo vitað sé. Þó er vitað um eitt bréf sem Einar orti til Gísla Oddssonar (1593–1638), sonarsonar síns, árið 1612 en hann var sonur Odds Einarssonar (1559–1630) Skálholtsbiskups. Gísli varð síðar biskup í Skálholti eftir föður sinn. Kvæðið hefst á ávarpi og heilsunarorðum: „Gísli í Guðs varðveislu, [...] fátækan afa sinn ræki / Einar, er heilsar honum“ (1. er.).⁴ Svo virðist sem Einar hafi sent Gísla ljóðabréf einu sinni á ári: „Ber mér eitt sinn á ári, / ættkvíslar blóm Gísli, / senda þér vísu vanda“ (2. er.). Hann greinir frá því að heimilið skorti ekkert og ræðir um erindi sem hann átti við móðurafa Gísla, Jón Björnsson (1538–1613) á Grund í Eyjafirði: „að senda greitt til Grundar / gaf mér svar frómur afi / þinn.“ Erindið varðaði „trygðamál“ og „séra Jón“ (4. er.). Hér er örugglega verið að vísa til bónorðs Jóns Einarssonar (um 1580–1644), sonar skáldsins, um hönd Guðrúnar Árnadóttur (d. 1619). Hún var fósturdóttir Jóns Björnssonar á Grund í Eyjafirði en Guðrún og Jón Einarsson gengu í hjónaband árið 1612 og dvöldu fyrsta árið í Eydölum áður en Jón fékk Hof í Álftafirði.⁵

- 2 Sigurður Pétursson fjallar um ljóðabréf á latínu í grein sinni „Poeta felicissimus. Latínuskáldið Stefán Ólafsson,“ *Í ljóssins barna selskap. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um séra Hallgrím Pétursson og samtíð hans sem haldin var í Hallgrímskirkju 28. október 2006*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir (Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju / Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007), 77–88.
- 3 Sjá um efnisþætti í ljóðabréfum Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla: Harpa Hreinsdóttir, „Ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar í Lbs 838, 4to,“ (MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2007), 12–15 o.v. Sjá enn fremur: Þórunn Sigurðardóttir, „Hverfi til yðar heilsun mín.“ Ljóðabréf eftir séra Ólaf Jónsson á Söndum, „*Ágústblóm lesin til heiðurs Ágústu Þorbergsdóttur sextugri 9. september 2020*“ (Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2020), 94–95.
- 4 Kvæðið er prentað í Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmáli*, Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar, Stofnun Árna Magnússonar. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2007), 161–62.
- 5 Sjá um Guðrúnu Árnadóttur og hjónaband þeirra Jóns Einarssonar: Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2015), 175–83 og Þórunn Sigurðardóttir, „Voices from the past: Occasional poetry as a historical source,“ *Gender, History, Futures. Report from the*

Þá eru einnig í kvæðinu heilræði til Gísla og fyrirbænar. Í áttunda erindi kemur fram að með ljóðabréfinu til Gísla fylgi „flokkur Helgu,“ líklega er átt við vísur til móður Gísla, Helgu Jónsdóttur (1567–1662) biskupsfrúar. Aftar í erindinu segir: „hennar vakti mig penni / hennar ráð hjálpar minni / hugarveiki svo dugi“ og gæti bent til þess að þau hafi skrifað á, Einar og tengdadóttirin. Líkur eru til þess að Helga hafi verið bæði læs og skrifandi. Í kvæði séra Ólafs Einarssonar (1573–1651) í Kirkjubæ, annars sonar Einars í Eydölum, sem hann orti eftir lát Guðrúnar Árnadóttur, mágkonu sinnar og fóstursystur Helgu biskupsfrúar, kemur fram að Guðrún hafði lært bæði lestur, skrift og reikning hjá fóstura sínum, Jóni Björnssyni á Grund.⁶ Gera má ráð fyrir að Jón hafi líka kennt eða látið kenna dætrum sínum slíkt hið sama.

Gísli Oddsson fæddist 1593 svo hann er 19 ára þegar ljóðabréfið til hans var samið en eitt ljóðabréf frá honum til Einars afa hans frá árinu 1617, þegar Gísli var orðinn kirkjuprestur í Skálholti, er uppskrifað í sama handriti og umrætt ljóðabréf Einars.⁷ Gera má sér í hugarlund að ljóðabréf þeirra langfeðga hvors til annars hafi verið mun fleiri gegnum árin en vitað er um og þá er ekki ólíklegt að Einar hafi ort ljóðabréf til fleiri afkomenda sem hafa þá lent í glatkistunni. Vitnisburð um það má reyndar finna í Ævisöguflokki skáldsins sem Einar orti 77 ára að aldri árið 1616: „Elligleði hans / ein var þessi / þá augnaljósið / allt hann missti / að senda um landið / sína kveðlinga, / með heillavísu / svo hópinn kveðja.“⁸ Ljóðabréf hafa væntanlega verið send á stökum blöðum eða tvíblöðungum og því viðbúið að mörg þeirra hafi farið forgörðum í tímans rás, nema þau hafi verið skrifuð upp í kvæðasöfn eða stungið inn í handrit eða bók. Bjarni Gissurarson (1621–1712) í Þingmúla, dóttursonur Einars, safnaði kvæðum sínum saman, þar með töldum ljóðabréfum, og eru kvæði hans í þremur eiginhandarritum.⁹ Frumrit ljóðabréfa hans hafa aftur á móti

XI Nordic Women's and Gender History Conference, Stockholm, Sweden, August 19-21 2015, rittstj. Daniel Nyström og Johanna Overud. SKOGH. Sveriges kvinno- och genushistorikers skriftserie, nr 2 (Stokkhólmur: SKOGH, 2018), 121–30.

6 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, 187. Sjá 10. erindi kvæðisins.

7 JS 133 8vo, bl. 238r–39v. Ljóðabréfið hefur Gísli sent afa sínum á árinu 1617. Kvæði Einars til Gísla er á bl. 237r–38r. Sjá Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmáli*, 260.

8 Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmáli*, 138.

9 Sjá um kveðskap séra Bjarna: Jón Samsonarson, „Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla. Ævi hans og kveðskapur,“ (Magistersritgerð, Háskóli Íslands, 1960).

ekki varðveist svo kunnugt sé. Hið sama má segja um ljóðabréf Stefáns Ólafssonar (um 1619–88) í Vallanesi, sonarsonar Einars, þau eru varðveitt af því að hann skrifaði þau upp í kver.¹⁰ Séra Ólafur Jónsson (um 1560–1627) á Söndum, samtímamaður Einars Sigurðssonar, orti einnig ljóðabréf og eru a.m.k. fjögur slík uppskrifuð í kvæðabók hans.¹¹ Hluti af kvæðasafni séra Einars Sigurðssonar í Eydölum var prentaður í Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar biskups sem kom út árið 1612 en heilsteypt kvæðabók með kveðskap Einars, í líkingu við kvæðabækur dóttursonar hans séra Bjarna Gissurarsonar og kvæðabók séra Ólafs Jónssonar á Söndum, hefur ekki varðveist.¹²

3 Ljóðabréfið í Lbs 847 4to

Við fyrstu sýn er ekki ljóst um hvers konar kvæði er að ræða. Það hefst hvorki á ávarpi né heilsunarorðum eins og algengast er með ljóðabréf heldur að því er virðist á skýringu hugtaksins frumtign. Frumtign er heiður sem ber fyrsta syni eins og kemur fram í Biblíunni og nefnir skáldið dæmi úr heilagri ritningu því til stuðnings (Fyrri kroníkubók 6. kafli og Fyrsta Mósebók 25. kafli).¹³ Þegar grant er skoðað má þó túlka ljóðlínurnar „Eignast fær frumtign / fyrsti sonur, það er víst,“ sem eins konar ávarp. Ljóðmælandi lýkur vísunni í fyrstu persónu eintölu, ávarpar viðtakanda og segir honum að hlíta ráðum sínum: „halt það eg hefi mælt / og hindri þig ei stór synd“.¹⁴ Þá má velta því fyrir sér hvort skrifari ljóðabréfsins í Lbs 847 4to hafi einfaldlega sleppt ávarpsvísunni. Með því að skrifa ljóðabréfið upp í handrit með kvæðum eftir ýmis skáld er það ekki lengur persónuleg eign upphaflegs viðtakanda heldur kvæði ætlað lesendum/áheyrendum kvæðasafnsins í Lbs 847 4to og því ekki þörf á að skrifa upp persónulegt ávarp til ákveðins viðtakanda.

10 Sigurður Pétursson, „Poeta felicissimus. Latínuskáldið Stefán Ólafsson,“ 78.

11 Þórunn Sigurðardóttir, „Hverfi til yðar heilsun mín,“ 94.

12 Sjá þó handritið JS 583 4to (sjá umfjöllun aftar).

13 Orðið frumtign kemur aðeins einu sinni fyrir í Guðbrandsbiblíu, í Fyrri kroníkubók, 6. kafla, en annars staðar er talað um frumgetninga. Leit í Guðbrandsbiblíu fór fram á netinu: <https://biblian.is/gudbrandsbiblia/>.

14 Skáletrun er mín hér og annars staðar í tilvitnunum í frumheimildir. Stafsetning beinna tilvitnana í frumheimildir er færð til nútímahorfs hér og annars staðar í greininni nema í dæmunum um skrifareinkenni í kafla 4.

Ljóðmælandi (skáldið) ávarpar son sinn aftur í 8. erindi: „finnur þú, sonur minn“ og í þriðja sinn í 11. erindi: „Hvör sem þér, sonur kær.“ Ávörpin ásamt lokaorðum kvæðisins: „á enda skulu ljóð *send*“ (12. erindi) staðsetja kvæðið innan bókmenntagreinarnar ljóðabréf en hvergi kemur þó fram hver orti eða til hvers. Meginröksemd mín fyrir því að eigna séra Einari ljóðabréfið og tilfæra séra Gísla son hans sem viðtakanda er hugtakið frumtign sem er ekki aðeins skýrgreint í upphafi kvæðisins heldur einnig notað í titli þess. Einar notar þetta orð um Gísla í tveimur þekktum kvæðum sem hann orti um börn sín og aðra afkomendur. Nú var Gísli ekki elsti sonur skáldsins, hann átti tvo eldri bræður, Odd og Sigurð, en hann var elsti sonur móður sinnar sem var seinni kona Einars. Einar virðist telja frumtign komna frá móður, eins og sést í kvæðinu Barnatöluflokkum sem hann orti skömmu fyrir andlát sitt:

Af móðurlífi fyrst fæðist
frumtign svo að eignist
 Gísli minn, sá er að sönnu
 sæmdarprestur hið vestra,
 Vatnsfjarðar hár hirðir [...]. (23. er.)¹⁵

Í hinu kvæðinu, Þakklætisbæn fyrir barnaheill, segir hann um Gísla:

Gísla bið eg guðhræðslu
 og grandalaust veitist andi,
 drottinn Guð ráð hans rétti,
 svo réttinn eignist *frumtignar*. (18. er.)¹⁶

Rétturinn virðist ekki vera skilyrðislaus og getur Guð ráðstafað honum: „eignast því þá tign / þeir sem Guð ann meir,“ eins og segir í öðru erindi ljóðabréfsins í Lbs 847 4to. Í Fyrri kroníkubók, 6. kafla, er talað um Rúben „frumgetna sonar Ísraels því hann var fyrsti son Ísraels,“ sem „saurgaði síns föðurs sæng“ og var þess vegna frumtign hans gefin öðrum.¹⁷

Þessi tvö dæmi sitt úr hvoru kvæðinu má nota sem rök fyrir því að ljóðabréfið Frumtignarvísur í Lbs 847 4to kunnist að vera ort af Einari

15 Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmæli*, 143.

16 Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmæli*, 152.

17 Guðbrandsbiblíja: *Biblia. Það Er Öll Heilóg Ritning vtlógd a Norrænu* (Hólum í Hjaltadal, 1584).

Sigurðssyni í Eyðölum til sonar hans, séra Gísla, en fleira kemur til. Í aftasta erindinu segir ljóðmælandi: „Falli mér fararheill / að ferðast í Vatnsfjörð / áður undir lok líð“ (12. er.). Þar með er búið að staðsetja viðtakanda ljóðabréfsins í Vatnsfirði. Viðtakandi ljóðabréfsins er sonur ljóðmælanda (skáldsins), hann er frumburður móður sinnar og hann býr í Vatnsfirði. Ég tel það auðséð að Frumtignarvísur séu ljóðabréf sem séra Einar Sigurðsson í Eyðölum orti til sonar síns séra Gísla Einarssonar í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp.

3.1 Tilefni ljóðabréfsins

Velta má fyrir sér hvert tilefni ljóðabréfsins hafi verið. Skáldið segir ekki fréttir úr heimahögum, aðeins lítið eitt af sjálfu sér, og virðist ætlunin með ljóðabréfinu vera að hughreysta soninn vegna einhverra vandræða í lífi hans og starfi. Mögulega hefur Gísli skrifað föður sínum áður og kvartað yfir hlutskipti sínu. Í ljóðabréfinu er syninum sagt að flyja ekki af hólmi heldur finna ráð (til að leysa vandamálið) og leita friðar (9. er.). Í þessu samhengi er minnst á hreppstjórn: „hýrna mundi hreppstjórn / ef hlýða vildi þér við,“ sem bendir til þess að ljóðabréfið fjalli um erjur eða ágreining á milli prests og veraldlegs yfirvalds í sveitinni. Í Ævisöguflokki séra Einars í Eyðölum segir m.a. um Gísla að hann hafi gífst sæmdarstúlku „suður á landi“ og flutt með henni til Vatnsfjarðar.¹⁸ Hvorugt þeirra átti bakland á norðanverðum Vestfjörðum sem kann að skýra, að einhverju leyti að minnsta kosti, vandræði Gísla í embætti Vatnsfjarðarprestis, það er að segja ef kvæðið er svar við slíkum umkvörtunum. Í Ævisöguflokknum segir að þau hafi hrepp blessun og barnagróða en „öfundarmenn þó ætti lengi.“¹⁹ Oddur biskup Einarsson, hálfbróðir Gísla, útvegaði honum brauðið árið 1595 en urgur mun hafa verið í mörgum yfir því að biskup kom ættingjum sínum í góð embætti, oft þvert gegn fyrirætlunum annarra valdsmanna og venju við embættisveitingar.²⁰ Kann að vera að viðhorf manna við Ísafjarðardjúp til séra Gísla hafi litast af afstöðu þeirra til frændhygli biskups og það sé undirliggjandi í ljóðabréfi föður hans. Ævisöguflokkurinn var ortur árið 1616 eins og fram kemur í fyrirsögnum í sumum handritum og í 204. erindi

18 Einar Sigurðsson í Eyðölum, *Ljóðmæli*, 132.

19 Sama heimild.

20 Jón Halldórsson, *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hitardal I* (Reykjavík: Sögufélag, 1903–10), 200; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir síðskiptaaldirinnar á Íslandi III* (Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1924), 695–97.

kvæðisins þar sem skáldið telur aldur sinn 77 ár.²¹ Ekki er gott að segja til um hvenær Frumtignarvísur voru ortar en það hefur að minnsta kosti verið fyrir 1626 sem er dánarár skáldsins. Benda má á að Einar er líklega orðin blindur þegar hann orti *Ævisöguflokkinn* en í lokaerindi Frumtignarvísna lætur hann í ljósi ósk um að geta ferðast í Vatnsfjörð. Það hefði hann væntanlega ekki verið fær um árið 1616, blindur maðurinn. Þetta gæti bent til þess að ljóðabréfið hafi verið ort fyrir þann tíma.

Heimildir gefa til kynna að Gísli hafi ekki farnast sérstaklega vel í Vatnsfirði.²² Mörgum árum eftir andlát Einars, eða 1635, skrifaði þáverandi biskup, Gísli Oddsson, bróðursonur séra Gísli í Vatnsfirði, bréf til Gísli þar sem hann m.a. áréttar ásakanir á hendur Gísli um niðurníðslu staðarins, eyðileggingu, illa byggingu kirkjujarðanna og ýmis embættisglöp.²³ Það er augljóst að vanræksla séra Gísli á staðnum hefur staðið yfir lengi og birtist enn fremur í úttekt staðarins við afhendingu hans árið 1636.²⁴ Það er því ekki ólíklegt að yfirvöld í héraðinu hafi kvartað, ekki aðeins við prestinn sjálfan heldur og yfirmann hans, biskupinn. Ljóðabréf föður hans gæti bent til þess að lánleysi séra Gísli í embætti Vatnsfjarðarprests hafi byrjað all-löngu áður en skjalfestar heimildir um það gefa til kynna.

Eins og fram kom hér að ofan hefst ljóðabréfið á skilgreiningu á hug-takinu frumtign, viðtakanda ljóðabréfsins er gert ljóst að rétturinn sé aftur-kræfur og nefnd eru dæmi úr Biblíunni því til staðfestingar. Annars vegar er það himnafaðirinn sem ræður hvort fólk haldi frumtign sinni eða missi hana en á hinn bóginn getur frumburður fyrirgert rétti sínum með ámælis-verðri hegðun. Hér er því bæði um áminningu að ræða og varnaðarorð og er ekki laust við að lesanda renni í grun að Einar sé að ávíta son sinn fyrir einhverjar yfirsjónir. Getur verið að Oddur biskup Einarsson, bróðir Gísli, hafi kvartað um sleifarlag Gísli í embætti við föður þeirra? Það er

21 Sjá Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson, „Inngangur“ og „Skýringar og athugasemdir,“ í Einar Sigurðsson í Eydölum, *Ljóðmáli*, xxviii og 233.

22 Hannes Þorsteinsson, „Annáll séra Jóns prófests Arasonar í Vatnsfirði eða Vatnsfjarðar-annáll hinn elzti 1395–1654,“ *Annálar 1400–1800 III* (Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, 1933), 2–3; Guðrún Ása Grímsdóttir, *Vatnsfjörður í Ísafirði. Þettir úr sögu höfuðbóls og kirkjustaðar* (Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið, 2012), 294 o.áfr.; Páll Eggert Ólason, *Mennt og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi IV* (Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1926), 656.

23 Sjá bréfabók biskups í AM 244 4to, bl. 5r. Sbr. Guðrún Ása Grímsdóttir, *Vatnsfjörður í Ísafirði*, 294.

24 Guðrún Ása Grímsdóttir birtir greinargerðina í *Vatnsfjörður í Ísafirði*, 296–300.

þó allt eins líklegt að Einar hafi verið að svara umkvörtunum Gísla sjálfs. Í lokaljóðlínunum upphafserindis biður ljóðmælandi viðtakanda ljóðabréfsins um að halda það sem hann hefur mælt fyrir um svo ekki hendi hann stór synd, þ.e. hann biður soninn að hlýða orðum sínum. Gísli á að taka „höfuðfeður,“ þ.e. forfeður Ísraelsþjóðar, Abraham, Ísak og Jakob, sér til fyrirmyndar: sýna hóglyndi, þolinmæði, hlýða og biðja til Guðs. Í fjórða erindi fullvissar ljóðmælandi viðtakanda bréfsins um að Guð sé réttlátur en hann agi þó þá sem honum eru þóknanlegir. Þá eru sett fram dæmi úr Bibliúnni um lítilmagna sem vinna bug á völdugum andstæðingum og í framhaldi af því koma tvö erindi þar sem ljóðmælandi setur sig í stellingar gagnvart viðtakanda, segir honum að trúa sér, taka við ráðum sínum og treysta Guði. Aftur er viðtakandi minntur á eftirdæmi feðranna (Ísrael) sem liðu angur og mótgang en unnu sigur með hógværð og bænum. Hér er viðtakandi ávarpaður: „sonur minn“ (8. er.) og í næsta erindi er honum sagt að leita sátta við hreppstjór (sjá að ofan). Næstu tvö erindi má líta á sem eins konar niðurlag eða niðurstöðu: Syninum er sagt að taka gleði sína, ljóðmælandi hefur fulla trú á því að honum berist aðstoð – frá Guði – og sonurinn huggaður með því að þeir sem gera honum saklausum ómak muni hljóta ill örlog. Lokalína 10. erindis er áhugaverð: „og gjör svo sem skylt er.“ Hér er eins og ljóðmælandi sé aftur að vanda um við son sinn. Lokaerindi ljóðabréfsins ber svo keim af kveðjuorðum bréfitara: ljóðmælanda langar að koma í heimsókn áður en ævin er á enda og vonast til að ljóðabréfið (orðin) berist viðtakanda og að himnafaðirinn uppfylli óskir hans. Með ljóðabréfinu er engu líkara en skáldið sé að gera hvort tveggja í senn, að vanda um við son sinn og stappa í hann stálinu. Hann varar við því að menn geti misst frumtign sína fyrir vonda breytni en um leið gefur hann góð ráð og fullvissar soninn um að frumtignin verði ekki af honum tekin.

3.2 *Fylgivísur*

Næst á eftir Frumtignarvísunum í Lbs 847 4to er fimm erinda kvæði sem hefur yfirskriftina: „Nú koma aðrar.“ Þar á eftir kemur þriggja erinda kvæði undir yfirskriftinni: „En þessar eiga með að fylgja.“ Skrifari kvæðabókarinnar telur þessi kvæði tilheyra Frumtignarvísunum og er augljóst að um er að ræða ljóðabréf eða hluta úr ljóðabréfum til Gísla en hann er hér nefndur á nafn í fyrsta sinn og aftur kenndur við frumtign.

Í fyrra ljóðabréfinu, „Nú koma aðrar,“ kveður við allt annan tón en í Frumtignarvísunum. Hér ríkir jákvæðni og bjartsýni. Sonur ljóðmælanda hefur sótt frumtignarsóma sinn og Guð mun prýða „Gísla höfuð ættkvíslar“ gæfu.²⁵ Í öðru erindi kemur fram að Guð hefur heitið þeim sem fæðist fyrstur af móðurlífi sérstakri blessun. Sú blessun verður ekki af honum tekin. Ljóðmælandi fullvissar viðtakanda um að orð sín séu í samræmi við trúna og hvetur hann til að taka við „heiðri maktar,“ enginn muni vaða yfir hann og hann muni hljóta velþóknun allra (3. er.). Hugsanlega mætti lesa þetta kvæði sem heillaóskir til sonar sem nýlega hefur hlotið verðugt embætti. Það fær frekari staðfestingu í fjórða erindi þar sem þess er beðið að auður viðtakanda muni tvöfaldast með aldrinum og börnum hans og eiginkonu einnig beðið blessunar. Að lokum er beðið fyrir gæfuríkri ævi viðtakanda, brúðar hans og barna. Engu líkara er en að verið sé að tala til ungs fjölskylduföður.

Þriðja kvæðið, „En þessar eiga með að fylgja,“ sem aðeins er þrjú erindi, er óræðara en hin tvö en greinilega er verið að hvetja til samheldni gegn illskuráðum og trausts til velþóknunar Guðs. Þetta kvæði er því skyldara Frumtignarvísunum efnislega en styttra kvæðinu sem er á milli.

4 Handritið Lbs 847 4to og varðveisla ljóðabréfanna


Ljóðabréfið Frumtignarvísur og fylgikvæði þess hafa aðeins varðveist í einu handriti, Lbs 847 4to, sem skrifað var árið 1693 eftir því sem segir á titilsíðu. Ekki er greint frá því hver skrifaði, fyrir hvern eða hvar. Páll Eggert Ólason getur sér þess til að bókin sé skrifuð undir handarjaðri Magnúsar Jónssonar (1637–1702) í Vigur.²⁶ Greinarhöfundur telur þá tilgátu sennilega enda ýmislegt sem bendir til þess að handritið sé skylt annarri kvæðabók sem sannarlega var skrifuð á vegum Magnúsar. Skyldleikinn er bæði efnislegur og svo eru rithendur áþekkar. Þessi kvæðabók hefur safnmarkið JS 583 4to og var, eins og segir á titilsíðu, „samanhent og aðdregin af virðuglegum og ættgöfugum h. manni Magnúsi Jónssyni á Vigur.“ Ártal hefur trosnað af en Páll Eggert telur handritið skrifað um 1690 eða á svipuðum tíma og Lbs 847 4to, handrit Frumtignarvísna.

25 Þetta er þá fjórða kvæðið þar sem séra Einar tengir Gísla son sinn við hugtakið frumtign, sé það honum rétt eignað.


26 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I* (Reykjavík, 1918), 372.

Páll Eggert Ólason telur að JS 583 4to sé að mestu skrifað af Magnúsi sjálfum án þess þó að færa fyrir því rök.²⁷ Allt eins er líklegt að handritið sé skrifað fyrir Magnús. Við lauslegan samanburð á aðalhöndum Lbs 847 4to og JS 583 4to (sem er eignað Magnúsi á titilsíðu) er ljóst að þær hafa allnokkur sameiginleg skrifareinkenni. Ætla má að það sé vegna þess að um sama skrifara sé að ræða eða að minnsta kosti sama skrifaraskóla. Til að víkka út samanburðinn verður handritið AM 148 8vo (Kvæðabók úr Vigur) tekið inn í myndina en það er eins og JS 583 4to samantekið af Magnúsi í Vigur eftir því sem segir á titilsíðu. Greinileg líkindi eru með skrifarlagi tíundu handar AM 148 8vo og aðalhendi Lbs 847 4to.²⁸ Þó verður að hafa í huga að AM 148 8vo var skrifað á árunum 1676–77 eða um sextán árum fyrr en talið er að Lbs 847 4to hafi verið sett saman.²⁹ Hér skulu nefnd nokkur dæmi um álíka stafagerð í þessum þremur handritum:

Skrifarar Lbs 847 4to og JS 583 4to nota þrjár til fjórar tegundir af litlu d.



Lbs 847 4to, bl. 3r




JS 583 4to, bl. 30r

Tíundi skrifari AM 148 8vo notar oftast þá gerð sem er með belg á leggnum en d með beinum legg finnst þó hjá þessum skrifara og einnig með sveigðum legg til vinstri (sjá t.d. neðstu línu bl. 346r, bl. 347r, 7. línu að neðan og 347v, sjöundu línu að ofan). Stafurinn d með krúsíðullunni (í orðinu „Naad“) er algengur í Lbs 847 4to en fjórða afbrigðið með sveigðum legg til vinstri er algengara í JS 583 4to. Merkið yfir u er stórt (sjá í orðinu „Mund“ að ofan) og með sveigum í öllum handritunum þremur. M í „med“ í dæminu að ofan (Lbs 847 4to) og „Mund“ (JS 583 4to) eru með sama lagi og svo er einnig í AM 148 8vo. Þar er N eins og í „Naad“ mjög algengt eins og sjá má af eftirfylgjandi dæmi:


27 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins II* (Reykjavík, 1927), 601.

28 Jón Helgason greinir rithendur bókarinnar í inngangi sínum að ljósprentaðri útgáfu handritsins og kallar þá sem hér er til skoðunar tíundu hönd. Sjá Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur. AM 148 8vo B Inngangur*, Íslensk rit síðari alda, 2. flokkur. Ljósprentanir (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1955), 19.

29 Ártölin koma fyrir á bl. 76r og 213r.




AM 148 8vo, bl. 346r.




AM 148 8vo, bl. 345v.


Þá má nefna forsetninguna í en stafurinn finnst með sama lagi í öllum þremur handritunum:



Lbs 847 4to, bl. 22r.



AM 148 8vo, bl. 347r.



JS 583 4to, bl. 7r

Á stöku stað er í þó með öðrum hætti í Lbs 847 4to og AM 148 8vo:




Lbs 847 4to, bl. 24v




AM 148 8vo, bl. 347r.

Í öllum handritunum má finna s með krúsidúllu sem minnr á w upp af stafnum þótt ekki sé þetta algengt í neinu þeirra:



Lbs 847 4to, bl. 3r




JS 583 4to, bl. 13r




AM 148 8vo, bl. 278r

Þá má nefna að orðið „til“ er að finna með stafsetningunni „thil“ í AM 148 8vo og Lbs 847 4to. Þessi stafsetning hefur þótt einkenna rithönd Magnúsar en vitaskuld gætu skrifarar á vegum hans einnig hafa notað þessa stafsetningu.³⁰ Eins og sést af dæmunum hér að neðan er stafagerðin með sama móti í handritunum tveimur:




AM 148 8vo, bl. 345r



Lbs 847 4to, bl. 13v

30 Sjá Jón Helgason, *Kvaðabók úr Vigur*. AM 148 8vo B *Immgangur*, 21.

Önnur líkindi á milli Lbs 847 4to og tíundu handar AM 148 8vo eru m.a. h og H og tvöfalt l, eins og sést á eftirfarandi dæmum:




AM 148 8vo, bl. 346r.

Lbs 847 4to, bl. 24r.

Aftasti stafurinn í „Heilags,“ s með krúsidúllu (annars konar en í dæminu að ofan), er mjög algengur bæði í AM 148 8vo og Lbs 847 4to og kemur einnig fyrir í JS 583 4to.

Fleiri líkindi mætti tína til en hér skal að lokum getið um pennaflúr undir griporðum sem er með svipuðu lagi í JS 583 4to og Lbs 847 4to, þó oftar belgmeira í Lbs 847 4to, en í báðum handritum byrjar flúrið á tákni sem minnir á tölustafinn 2. Sjá má móta fyrir sambærilegu flúri hjá tíundu hendi í AM 148 8vo en þar hefur verið skorið neðan af blöðum svo aðeins efsta krúsidúllan er eftir.



JS 583 4to, bl. 53v

AM 148 8vo, bl. 344v og 345r

Lbs 847 4to, bl. 10r

Rannsóknir á skrift og skrifurum 17. aldar eru því miður skammt á veg komnar. Ég tel þó að þessi samanburður á skriftareinkennum Lbs 847 4to við tvö handrit sem sannarlega eru eignuð Magnúsi Jónssyni renni stóðum undir þá tilgátu Páls Eggerts Ólasonar að kvæðabókin sé skrifuð undir handarjaðri bóndans í Vigur.

Efnislega er Lbs 847 4to ekki hefðbundin sálmaþók í líkingu við hina opinberu prentuðu sálmaþók eða Grallarann (sálmasöngsbók kirkjunnar) sem notaður var við guðsþjónustur í kirkjum landsins og þjónaði jafnframt sem handbók presta um messugerð á kirkjuárinu. Þótt mikið sé um trúarlegan kveðskap í Lbs 847 4to þá er kvæðunum ekki raðað á skipulegan hátt eftir inntaki eða sálmategundum eins og í hinum prentuðu sálmaþókum og

ekki hugað að því að skrifa upp sálma sem henta fyrir kirkjuárið í heild. Á titilsíðu er innihaldi bókarinnar lýst þannig:

Lofsöngvar og andlegir sálmar einna og annarra guðhræddra kennimanna. Ásamt með nokkrum kvæðum og skemmtunarsömum söngvísu þeim er iðka vilja til gagns og nytsemdar. Upphripað Anno 1693.

Í handritinu eru bæði sálmasöfn nafngreindra skálda og stök kvæði eftir ýmsa. Hér er til dæmis eitt stærsta kvæðasafn áður nefnds séra Ólafs Einarssonar í Kirkjubæ, sonar séra Einars Sigurðssonar, sem varðveitt er (a.m.k. 58 kvæði í tveimur köflum með fyrirsögnum). Augljóslega er verið að safna kvæðum hans saman á einn stað í varðveisluskyni um leið og þau hafa átt að vera „þeim er iðka vilja til gagns og nytsemdar.“ Mest er um trúarleg kvæði, enda var séra Ólafur rómað sálmaskáld en hér eru einnig ádeilukvæðin Ættlera aldarháttur og Ósómi óhlýðugs vinnufólks og enn fremur eitt ævintýrakvæði (Ævintýr úr Alponso). Mörg þessara kvæða séra Ólafs Einarssonar er einnig að finna í kvæðabók séra Sigurðar Jónssonar (1643–1730) í Holti (JS 643 4to), bróður Magnúsar í Vigur.³¹ Einnig er hér safnað sálmu eftir son Ólafs, séra Stefán í Vallanesi, en 18 sálmar hans eru skrifaðir upp hver á eftir öðrum með kaflafyrirsögn. Nokkur kvæði eftir séra Einar Sigurðsson eru í handritinu en ekki á einum stað og sum ekki höfundargreind. Þá má nefna safn af sálmu eftir séra Jón Þorsteinsson píslarvott og annað eftir séra Ólaf Jónsson á Söndum en þeir voru báðir viðurkennd skáld á þessum tíma. Gnótt stakra kvæða eftir ýmis skáld má finna í handritinu og aftarlega eru kvæði sem tengjast hefðbundnum trúariðkunum, t.d. eru trúarjátningin og Faðirvorið sitt í hvorri vísunni og einnig eru þar vísur um kvöldmáltíðina og skírningina ásamt bænum sem lesendur/áheyrendur hafa getað nýtt sér við heimilisguðrækni. Þá er erfiðljóð séra Ólafs Einarssonar um föður sinn í handritinu, lofkvæði Björns Sturlusonar um Guðbrand biskup Þorláksson, langafa Magnúsar í Vigur, og vísa séra Stefáns Ólafssonar í Vallanesi um Ólaf Jónsson á Söndum þar sem skáldið mærir kveðskap séra Ólafs.

Kvæðabókin tengist greinilega fjölskyldu séra Jóns Arasonar (1606–73) í Vatnsfirði (föður Magnúsar í Vigur). Í henni eru uppskrifaðir tíu

31 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 672.

sálmar eftir séra Jón, hver á eftir öðrum. Tveir þeirra eru dagsettir aftast: „Ort 19 9brs 1645“ og „D. 19 7brs anno 1646.“³² Þá eru þrír sálmar ortir undir nöfnum barna séra Jóns, uppskrifaðir hver á eftir öðrum: „Hunang míns hjarta“ undir nafni Helgu, „Réttskínandi ríkdóms andi“ undir nafni Ragnheiðar og „Gæska þín, Guð, og miskunn mest“ undir nafni Guðbrands.³³ Enn fremur má finna í handritinu sálm sem ortur er undir nafni Helgu Aradóttur, systur séra Jóns, „Helgasta ljós og ljóminn klár.“³⁴ Þá eru nokkrir sálmar eignaðir bræðrunum Magnúsi og Guðbrandi. Athyglisverð er einnig vísa sem séra Jón Arason orti um börn sín:

Magnúsi vel vegni,
vandi sið Guðbrandur,
Sigurður sæmdur verði,
soddan óska eg Oddi,
Helgu hamingjan fylgi,
heiður og sæmd Ragnheiðum,
Anna auðnu finni,
Ara Guð bevari.³⁵

Gera má ráð fyrir að slík vísa hafi einkum gildi fyrir fjölskylduna úr Vatnsfirði þótt vitaskuld gæti hún hafa verið skrifuð upp af óskyldum. Staðsetning vísunnar og samhengi við annað efni gefur einnig til kynna ákveðin hugtengsl við ætterni og skáldskap. Næst á undan henni eru þrjú erindi úr kvæðinu Þakklátisbæn fyrir barnaheill eftir Einar í Eydölum þar sem hann telur upp börn sín. Yfirskriftin er: „Vísur heiðarlegs og guðhrædds sr. Einars sálga Sigurðssonar á Eydalastað um tölu barna sinna“ en titill barnavísu séra Jóns er: „Vísur heiðurlegs og vellærðs sr. Jóns sál. Arasonar um sín börn.“ Þannig eru vísurnar tengdar saman, þær fjalla báðar um börn viðkomandi skálds en jafnframt um afkomendur séra Einars Sigurðssonar í Eydölum. Hann var sem sagt langafi Hólmfríðar Sigurðardóttur (1617–92) móður barna séra Jóns.

32 Lbs 847 4to, bl. 230v.

33 Lbs 847 4to, bl. 181v–86r.

34 Lbs 847 4to, bl. 155v–56r.

35 Lbs 847 4to, bl. 195v–96r. Vísan er einnig í AM 102 8vo, bl. 21r–v, en handritið er eignað séra Guðbrandi Jónssyni (1641–90) í Vatnsfirði, bróður Magnúsar í Vigur.

Áhuga Magnúsar Jónssonar í Vigur á kveðskap forföður síns séra Einars Sigurðssonar í Eyðölum má vel merkja í áðurnefndri kvæðabók sem honum er eignuð á titilsíðu, þ.e. JS 583 4to.³⁶ Þar er eitt stærsta kvæðasafn eftir séra Einar sem varðveitt er í handritum.³⁷ Þetta eru kvæði sem voru ekki prentuð í Vísnaabók Guðbrands biskups árið 1612 (*Ein Ny Wiisna Bok*), en skáldið hafði búist við að yrðu prentuð þar eins og lesa má úr fyrrisögnum í handritinu. Fyrir framan formála eftir séra Einar, „Til lesarans.“ sem aðeins er varðveittur í JS 583 4to (bl. 85r–88v),³⁸ stendur: „Þetta eftirskrifað á að standa fyrir framan Vísnaabókina, en hefur þó ei prentað verið.“³⁹ Á undan kvæðasafninu sjálfu stendur: „Hér eftir skrifast enn nokkuð það gjört og ort hefur sá sællrar minningar sálugi sr. Einar Sigurðsson, sem forðum prenta átti og ei af varð.“⁴⁰ Eiginhandarrit Einars í Eyðölum að þessu safni hefur ekki varðveist svo kunnugt sé. Væntanlega er þetta safn Magnúsar komið frá fjölskyldunni, ef til vill móður hans Hólmfríði Sigurðardóttur sem undi sér við að lesa kvæði langafa síns eins og kemur fram í vísu hans um hana í Barnatöluflokki: „hafa vill sinn langafa / í heiðri og hans ný kvæði / heimtir sér við að skemmta.“⁴¹

Allar líkur eru til þess að kvæðabókin í Lbs 847 4to sé upprunnin á meðal afkomenda séra Jóns Arasonar í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp, hver svo sem skrifaði stærstan hluta hennar. Berast böndin einna helst að

- 36 Um handritið er fjallað í Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland. The Case of Poetical Miscellanies,“ *Mirrors of Virtue. Manuscript and print in late pre-modern Iceland*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll (Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2017), 304–06.
- 37 Kvæðin voru gefin út í fræðilegri útgáfu 2007 (sjá Einar Sigurðsson í Eyðölum, *Ljóðmáli*). Vísnaabókin var gefin út með nútímastafsetningu árið 2000 (*Vísnaabók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000). Í formála Vísnaabókar, sem Guðbrandur biskup Þorláksson gaf út árið 1612, er séra Einari Sigurðssyni í Eyðölum eignaður fyrri partur bókarinnar og mun hann eiga stóran hluta hans.
- 38 JS 583 4to, bl. 85r–88v (blöð tölusett 84–89 í handriti). Miðað er við blaðtal á *handrit.is* hér og annars staðar þar sem vísað er í handrit sem þar eru skráð með myndum. Sbr. einnig Einar Sigurbjörnsson, Jón Torfason og Kristján Eiríksson, „Inngangur,“ xxx–xxxi. Formálinn er prentaður í viðaukum við útgáfu *Vísnaabókar Guðbrands* (2000), 443–44.
- 39 JS 583 4to, bl. 85r (blað tölusett 84 í handriti).
- 40 JS 583 4to, bl. 89v (blað tölusett 88 í handriti). Kvæðasafnið er prentað í Einar Sigurðsson í Eyðölum, *Ljóðmáli*.
- 41 Kvæðið er prentað í Einar Sigurðsson í Eyðölum, *Ljóðmáli*, 140–49. Vísan um Hólmfríði er á bls. 141. Sjá Þórunn Sigurðardóttir, „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland,“ 283.

Magnúsi Jónssyni í Vigur sem var einn ötulasti handritaframleiðandinn innan fjölskyldunnar, einkum vegna þess að sláandi lík skriftareinkenni eru á kvæðabókinni og rithöndum í tveimur öðrum kvæðahandritum sem eignuð eru Magnúsi Jónssyni á titilsíðum.⁴² En einnig vegna þess að handritið ber þess merki að vera ekki aðeins gert til að þjóna eiganda sínum í guðrækni og góðum siðum heldur er áberandi söfnunartilhneiging til staðar. Enn fremur tengist handritið efnislega afkomendum séra Jóns Arasonar í Vatnsfirði.

Velta má fyrir sér hvaðan ritstjóri Lbs 847 4to fær ljóðabréf séra Einars til sonar síns og af hverju hann skrifar eða lætur skrifa þau upp í kvæðabók sína. Upprunalegu bréfin gætu hafa orðið eftir í Vatnsfirði þegar séra Gísli flutti þaðan árið 1635 og verið haldið til haga af eftirmanni hans séra Jóni Arasyni föður Magnúsar í Vigur. Annar möguleiki er að kvæðin séu komin frá afkomendum séra Gísla Einarssonar sem margir bjuggu á norðanverðum Vestfjarðakjálkanum samtímis Magnúsi í Vigur. Vitað er að einn tengdasonur Gísla, séra Tómas Þórðarson (d. eftir 1681) á Snæfjöllum, var í sambandi við Magnús. Um það ber vitni erfikvæði séra Tómasar eftir Ara Magnússon í Ögri og Kristínu Guðbrandsdóttur, afa og ömmu Magnúsar í Vigur, sem er uppskrifað í kvæðabók hans í AM 148 8vo (bl. 45r–52v). Þar bætir skáldið við vísu sem virðist beint til Magnúsar og auðséð að séra Tómas er að koma sér vel við bóndann í Vigur.⁴³ Hvaðan svo sem ljóðabréfin koma þá er áhugavert að finna persónuleg skrif föður til sonar frá því snemma á 17. öld í kvæðabók frá lokum aldarinnar. Hugsanlega liggur þar að baki söfnunarárátta ritstjórans en Magnús í Vigur var ástríðufullur bókamaður eins og fram kemur í bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Þar segir um hann: „[...] þess er tók fyrir sig að láta uppskrifa allar sögur og handskrifaðar bækur íslenskar, sem hann fékk uppspurt.“⁴⁴ Aukinheldur hafði Magnús áhuga á að safna kvæðum eftir þennan forföður sinn, eins og kvæðabókin í JS 583 4to ber vitni um.

42 Ekki hefur tekist að bera kennsl á skrifarann en Magnús Jónsson hafði marga skrifara í þjónustu sinni.

43 Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur. AM 148 8vo B Inngangur*, 39–40.

44 Jón Ólafsson úr Grunnavík, *Safn til íslenskrar bókmenntasögu*, Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir önnuðust útgáfu (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2018), 229.

5 Niðurstöður

Hér hafa verið færð rök fyrir því að kvæðið Frumtignarvísur tilheyri kvæðagreininni ljóðabréf og sé ort af séra Einari Sigurðssyni í Eydölum til sonar hans séra Gísla Einarssonar í Vatnsfirði. Settar eru fram tilgátur um tilefni ljóðabréfsins og varðveislu þess. Tilefni bréfsins virðist vera að svara umkvörtunum sonarins, vanda um við hann og jafnframt að telja í hann kjark – ef til vill vegna illdeilna við veraldlegt yfirvald í sveitinni. Ljóðmælandi gefur viðtakanda bréfsins einnig góð ráð og biður honum blessunar. Þá er fjallað um tvö önnur styttri kvæði sem kölluð eru hér fylgikvæði (með tilvísun til fyrirsagna þeirra), og koma strax á eftir Frumtignarvísunum í handritinu. Sýnt er fram á að þau séu af sama tagi og Frumtignarvísur, þ.e. ljóðabréf eða hlutar úr ljóðabréfum til séra Gísla frá föður hans. Sýnt er fram á að handritið sem varðveitir ljóðabréfin tengist að öllum líkindum afkomendum séra Jóns Arasonar í Vatnsfirði, eftirmanni Gísla Einarssonar, viðtakanda bréfanna og að líklegastur til að hafa sett bókina saman sé Magnús Jónsson í Vigur.

6 Ljóðabréf séra Einars Sigurðssonar í Eydölum

Kvæðin eru gefin út stafrétt eftir handritinu Lbs 847 4to, bl. 222v–24v, en leyst upp úr böndum með skáletri. Til hliðar eru þau birt með nútíma-stafsetningu og greinarmerkjasetningu útgefanda. Í handritinu er komma notuð til að aðgreina ljóðlínur en í útgáfunni eru þær hafðar hver í sinni línu. Erindi eru ótölusett í handriti nema í miðkvæðinu. Griporð eru í handritinu en ekki í útgáfunni. Handritið hefur verið blaðsíðumerkt löngu síðar með blýanti en hér eru notuð blaðtöl miðað við myndir á *handrit.is*. Blaðtöl hafa verið í handritinu frá upphafi en tvær tölur horfið aftan af tölum við blaðskurð. Frumtignarvísur eru á bl. 222v–23v, „Nú koma aðrar“ á bl. 223v–24r og „En þessar eiga með að fylgja“ á bl. 224r–v.

Frumtignar Vysur

1

Eignast fær frumtign
fyrste sonur þad er vjst
undann sä j mannz mynd
mödurkvidar rann hlið
Eigur sem þä eru lög
allt skal þö Tvofalt
hallt þad eg hefe mællt
og hindre þig eij stöR sýnd.

2

Esau var ovýz
acktade eij þä magt
raunar spillte Ruben
riette þeim og frýstíett
þötte Iacob þad eitt
þiena munde best lien
eignast því þä Tign
þeir sem Gud ann meir.

3

Hófuðfedur hafa loff
hvar firer gief eg svar
þvi trúðu þeir ad giöre Gud
og giete allt þad firer heit
hlýddu giarnann hamnz ródd
höglýnder voru mióg
besta vorn er bæn traust
bidu og feingu hamnz Lid.

4

Samur er med sinn röm
sannur Gud vid hvörn
enn sem þä því hvör ed hann

Frumtignarvísur

1

Eignast fær frumtign
fyrsti sonur, þad er víst,
undan sä í manns mynd
móðurkviðar rann hlið,
eigur sem þä eru lög;
allt skal þó tvöfalt,
halt þad eg hefi mælt
og hindri þig ei stór synd.

2

Esaú var óvís,
aktaði ei þä makt;
raunar spillti Rúben
rétti þeim og frístétt;
þótti Jakob þad eitt
þéna mundi best lén;
eignast því þä tign
þeir sem Guð ann meir.

3

Höfuðfeður hafa lof,
hvar fyrir gef eg svar,
þvi trúðu þeir að gjöri Guð
og geti allt þad fyrirheit,
hlýddu gjarnan hans rödd,
höglyndir voru mjög,
besta vörn er bæn traust,
biðu og fengu hans lið.

4

Samur er með sinn róm
sannur Guð við hvörn,
en sem þá því hvör eð hann

hýllest og að þola vill
 ógun *hannz* sem allmióg
 Jnt er mier að hafe reint
 vine⁴⁵ sýna vel mun
 vera þeirra skiöl hier.

5

Gädu hvörsu Goliat
 gridnýding sló David
 Iönatas *med* einn svein
 undra margann sló hunz
med kiälka beine Samsön
 sundur barde þúsund
 af Höloferne höfuded skar
 so hnýttelega Judith.

6

Trüdu mier og tak räd
 trausted hafdu efalaust
 ä *sönnum* Gude so kann
 sigursælann giöra þig
 þö öllu *meira* mötfall
 megna vogar hier j giegen
 afbrotenn ef eru þyn
 ein bærelega mäl hrein.

7

Tala vil eg traust mäl
 treistu þeim mig hefur leist
 hädsta eingle hvör ed best
 heldur *firer* mig skiöldd
hann skal blessa hvörn þinn
 hreintrüadann alvin
 enn *finna* räd vid fiandmenn
 so falle þeir j hugarstall.

hyllist og að þola vill
 ögun hans sem allmjög
 innt er mér að hafi reynt
 vini sína, vel mun
 vera þeirra skjöl hér.

5

Gädu hvörsu Golíat
 gridníðing sló Davið;
 Jónatas með einn svein
 undra margan sló hunds;
 með kjálkabeini Samson
 sundur barði þúsund;
 af Höloferni höfuðið skar
 svo hnyttilega Júdit.

6

Trúðu mér og tak räd:
 Traustið hafðu efalaust
 á sönnnum Guði svo kann
 sigursælan gjöra þig.
 Þö öllu *meira* mótfall
 megna vogar hér í gegn
 afbrotin ef eru þín
 ein bærilega mállhrein.

7

Tala vil eg traust mäl:
 Treystu þeim mig hefur leyst,
 hæsta engli hvör eð best
 heldur fyrir mig skjöld.
 Hann skal blessa hvörn þinn
 hreintrúaðan alvin,
 en finna ráð við fjandmenn
 svo falli þeir í hugarstall.

45 Hugsanlega stendur hér „vina“ en ef svo er þá hlýtur það að vera pennaglöp skrifara.

8

Fedra dæme fullgöd
 finnur þú sonur minn
 Ísrael ber enn þrýz
 angur leid og mötgäng
 atte ad lýða öriett
 enn æred reindest högvær
 bænenn er hlýf hrein
 hann med þvi sigur vann.

9

Flýðu eige firer það
 finn heldur räd svinn
 lýttu vel ä län þitt
 og lærdu slýka högværd
 þö får sie nü full trúr
 fridar leita samt vid
 hýrna munde hreppstjórn
 ef hlýða villde þier vid.

10

Mä þvÿ räda mÿn trü
 medann nü er lýfz leid
 ad þier kome adstod
 enn so buge fiandmenn
 trür er Gud og so sver
 sannlega það giórer hann
 þitt sie þvÿ gied gott
 og giór so sem skillt er.

11

Hvór sem þier sonur kíær
 saklaust giórer ömak
 hann skal býða hvórt sinn
 Hálfu aukna ofsokn
 ä eignum sÿnum ögagn

8

Fedra dæmi fullgöd
 finnur þú, sonur minn,
 Ísrael ber enn þrís,
 angur leið og mötgang,
 átti að líða órétt
 en ærið reyndist högvær,
 bænin er hlíf hrein,
 hann með því sigur vann.

9

Flýðu eigi fyrir það,
 finn heldur ráð svinn,
 líttu vel á lán þitt
 og lærðu slíka högværd;
 þó får sé nú full trúr
 friðar leita samt við,
 hýrna mundi hreppstjórn
 ef hlýða vildi þér við.

10

Má því ráða mín trú
 meðan nú er lífs leið
 að þér komi aðstoð
 en svo bugi fjandmenn;
 trúr er Guð og svo sver,
 sannlega það gjörir hann,
 þitt sé því geð gott
 og gjör svo sem skylt er.

11

Hvör sem þér, sonur kær,
 saklaust gjörir ómak
 hann skal bíða hvórt sinn
 hálfu aukna ofsókn;
 á eignum sínum ógagn

og undarlega gedlund
er þier kunnig útför
Jll þeirra míg skada vill.

12

Falle mier fararheill
að ferdast J Watnzfiórd
ädur enn under lok lýd
langann hef eg þar söng
enn fær þü þesse ord
faderenn Himna giefu það
að allt verde uppfyllt
ä enda skulu liöd send.

Nw koma adrar

1

Sagt skal að nü söckte
sonur minn bestu vonar
frumtignar sinn söma
sier best til stad feste
Gud mun gæfu prýða
Gýsla Hófuð ættkvýslar
heidarlegre hugprýde
hallda skal fyrst Tvófalldre.

2

Hverfe sü öll með arfe
Jfer þig meðann þü lifer
blessan sü best er Hnossa
og heiter Gud þeim að veita
af mödurlýfe fyrst fædest
frábær mun sü æra
hana tók eg af honum
halldest þier og margfalldest.

og undarlega gedlund,
er þér kunnig útför
ill þeirra míg skada vill.

12

Falli mér fararheill
að ferðast í Vatnsfjörð
áður en undir lok líð,
langan hef eg þar söng,
en fær þú þessi orð,
faðirinn himna gefi það
að allt verði uppfyllt,
á enda skulu ljóð send.

Nú koma aðrar

1

Sagt skal að nú sótti
sonur minn bestu vonar
frumtignar sinn sóma
sér best til stað festi.
Guð mun gæfu prýða
Gísla höfuð ættkvíslar,
heidarlegri hugprýði
halda skal fyrst tvöfaldri.

2

Hverfi sú öll með arfi
yfir þig meðan þú lifir,
blessan sú best er hnossa
og heitir Guð þeim að veita
af mödurlífi fyrst fædist.
Frábær mun sú æra,
hana tók eg af honum,
haldist þér og margfalldist.

3

Af *Trunne* tala eg að sónnu
tacktu við heidre magtar
eingenn skal Jfer þig ganga
óvinur so þú linest
enn þess *hæra sem Herrann
hæckar sjálfur þig *Læcka*.
Yður mun aller bræður
astenn þar við festast

4

Börn þýn blessest *eirnenn*
og brúður með *Linde* prúðu
og aller þeir flokk þinn fylla
og flærdarlausu trigd lærðu
tvöfalldest er þú elldest
auður þinn framan til dauda
enn ást þýn allra besta
ä *einum* Gude sie hreinust.

5

Läte þig *Jnne* og úte
eirn Gud firr og *seirna*
með *Brüde* og börnum *gödum*
blessast með sæmd J sesse
og sýdana með sælum dauda
sendast þá lýfed endest
j heýlagann hýmna *Schola*
að hallda frid allder allða.

3

Af trúnni tala eg að sönnu:
Taktu við heiðri maktar,
enginn skal yfir þig ganga
óvinur svo þú linist
en þess hærra sem herrann
hækkar sjálfur þig lækka,
yður mun, allir bræður,
ástin þar við festast.⁴⁶

4

Börn þín blessist einninn
og brúður með lyndi prúðu
og allir þeir flokk þinn fylla
og flærdarlausu tryggð lærðu.
Tvöfalldist er þú elldist
auður þinn framan til dauða
en ást þín allra besta
á einum Guði sé hreinust.

5

Láti þig inni og úti
einn Guð fyrr og seinna
með brúði og börnum góðum
blessast með sæmd í sessi
og síðana með sælum dauða
sendast þá lífið endast
í heilagan himnaskóla
að halda frið aldir alda.

46 Í fimmtu línu er engu líkara en hér standi „hæna“ en það hljóta að vera pennaglöp skrifara og er hér leiðrétt í hæra/hærra. Í handritinu er þetta erindi aðeins sex ljóðlínur en næsta erindi á eftir er tíu ljóðlínur. Skrifarinn hefur áttað sig á mistökunum og setur merki við lok þriðja erindis og upphaf þess fjórða.

Enn þessar eiga
með að fylgja

1

Wmm heidur vorn hier skal ræða
heimurenn þessu gleimer
fóður eigum Gud göðann
göður er fostbroder
meistarenn býr J briöste
af ráðum þeim giefenn til náða
hræðunst ey hvör vill kvýða
hyllumm trigd vor á mille.

2

Eliseus sä sæle
sannur blöme spamanna
sveine ärnar sýnum
að sä umm fiall Gudz her allann
kringumm sig öttast öngva
af því trüenn allt megnar
samur er sierhvörn týma
sannur Gud völdumm mónnumm.

3

Daglega Äsökn eigumm
aller dióflar mötfalla
hvör er sä oss vill æru
unna af hjartannz grunne
enn við það verða vorer
vardhalldz einglar full harder
eida þeim Jllsku ráðumm
ef að Lund hreina stundumm.

En þessar eiga
með að fylgja

2

Um heiður vorn hér skal ræða,
heimurinn þessu gleymir,
fóður eigum Guð göðan,
góður er fóstbróðir,
meistarinn býr í brjósti,
af ráðum þeim gefin til náða,
hræðunst ei hvör vill kvíða,
hyllum tryggð vor á milli.

2

Elíseus sá sæli,
sannur blómi spámanna,
sveini árnar sínum
að sjá um fjall Guðs her allan,
kringum sig öttast öngva
af því trúin allt megnar,
samur er sérhvörn tíma
sannur Guð völdum mönnum.

3

Daglega ásökn eigum,
allir djöflar mótfalla,
hvör er sá oss vill æru
unna af hjartans grunni,
en við það verða vorir
vardhaldsenglar fullharðir,
eyða þeim illskuráðum
ef að lund hreina stundum.

HEIMILDIR

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 244 4to

AM 148 8vo

AM 102 8vo

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík

Lbs 847 4to

JS 643 4to

JS 583 4to

JS 133 8vo

FRUMHEIMILDIR

Biblia. Það Er Öll Heilög Ritning vtlógd a Norrænu. [Guðbrandur Þorláksson gaf út].

Hólum í Hjaltadal, 1584.

Einar Sigurðsson í Eydölum. *Ljóðmáli.* Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2007.

Guðbrandsbiblía. Sjá *Biblia. Það Er Öll Heilög Ritning vtlógd a Norrænu.*

Guðbrandsbiblía á netinu: <https://biblian.is/gudbrandsbiblia/>.

Jón Halldórsson. *Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hitardal II.* Reykjavík: Sögufélag, 1911–1915.

Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Safn til íslenskrar bókmenntasögu,* Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir önnuðust útgáfu. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2018.

Vísnaðók Guðbrands. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Íslands, 2000.

FRÆÐIRIT

Guðrún Ása Grímsdóttir. *Vatnsfjörður í Ísafirði. Þættir úr sögu höfuðbóls og kirkjustaðar.* Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið, 2012.

Hannes Þorsteinsson. „Annáll séra Jóns prófasts Arasonar í Vatnsfirði eða Vatnsfjarðarannáll hinn elzti 1395–1654.“ *Annálar 1400–1800 III.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933, 1–20.

Harpa Hreinsdóttir. „Ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar í Lbs 838, 4to.“ MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2007.

Jakob Benediktsson (ritstj.). *Hugtök og heiti í bókmenntafræði.* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, 1983.

Jón Helgason. *Kvæðabók úr Vigur. AM 148 8vo B Inngangur.* Íslensk rit síðari alda, 2. flokkur. Ljósprentanir. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1955.

- Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson. „Inngangur.“ Einar Sigurðsson í Eyðölum. *Ljóðmáli*. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2007, xiii–xxxiv.
- Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson. „Skýringar og athugasemdir.“ Einar Sigurðsson í Eyðölum. *Ljóðmáli*. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2007, 163–260.
- Jón Samsonarson. „Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla. Ævi hans og kveðskapur.“ *Magistersritgerð*, Háskóli Íslands, 1960.
- Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. „Inngangur.“ *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, vii–li.
- Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. „Skýringar.“ *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 448–84.
- Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* III–IV. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1924 og 1926.
- Páll Eggert Ólason. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* I–II. Reykjavík, 1918–27.
- Sigurður Pétursson. „Poeta felicissimus. Latínuskáldið Stefán Ólafsson (um 1619–1688).“ *Í ljóssins barna selskap*. *Fyrirlestrar frá ráðstefnu um séra Hallgrím Pétursson og samtíð hans sem haldin var í Hallgrímskirkju 28. október 2006*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Ritröð Listvinafélags Hallgrímskirkju 2. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007, 77–88.
- Þórunn Sigurðardóttir. „Constructing Cultural Competence in Seventeenth-Century Iceland: The Case of Poetical Miscellanies.“ *Mirrors of Virtue. Manuscript and print in late pre-modern Iceland*, ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll. *Opuscula* Vol. XV. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2017, 277–320.
- Þórunn Sigurðardóttir. *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2015.
- Þórunn Sigurðardóttir. „„Hverfi til yðar heilsun mín“. Ljóðabréf eftir séra Ólaf Jónsson á Söndum.“ *Ágústblóm lesin til heiðurs Ágústu Þorbergsdóttur sextugri 9. september 2020*, ritstj. Ari Páll Kristinsson, Jóhannes B. Sigtryggsson og Margrét Eggertsdóttir. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2020, 93–95.
- Þórunn Sigurðardóttir. „Voices from the past: Occasional poetry as a historical source.“ *Gender, History, Futures. Report from the XI Nordic Women's and Gender History Conference, Stockholm, Sweden, August 19-21 2015*, ritstj. Daniel Nyström og Johanna Overud. SKOGH. Sveriges kvinno- och genushistorikers skriftserie, nr 2. Stokkhólmur: SKOGH, 2018, 121–30.

ÁGRIP

Frumtignarvísur: Óþekkt ljóðabréf eftir séra Einar Sigurðsson í Eyðölum

Efnisorð: Ljóðabréf, Einar Sigurðsson í Eyðölum, Gísli Einarsson í Vatnsfirði, Magnús Jónsson í Vigur, varðveisla kvæða, handritamenning, höfundargreining

Í handritinu Lbs 847 4to er kvæði sem ber yfirskriftina „Frumtignarvísur“ og þar fyrir aftan tvö stutt kvæði, hið fremra ber yfirskriftina „Nú koma aðrar“ og hið aftara „En þessar eiga með að fylgja“. Enginn höfundur er tilgreindur í handritinu. Handritið var að öllum líkindum gert undir handarjaðri Magnúsar Jónssonar í Vigur árið 1693. Í því eru mestmegnis andleg kvæði eftir bæði nafngreind skáld og ónafngreind en einnig ádeilur, erfiljóð, lofkvæði o.fl. Í greininni eru færð rök fyrir því að Frumtignarvísur séu ljóðabréf eftir séra Einar Sigurðsson í Eyðölum sem hann orti til sonar síns, séra Gísla Einarssonar, sem þá var prestur í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Settar eru fram tilgátur um tilefni ljóðabréfsins og varðveislu þess. Tilefni bréfsins virðist vera að bregðast við umkvörtunum sonarins og vanda um við hann en jafnframt að telja í hann kjark. Ljóðmælandi gefur viðtakanda bréfsins einnig góð ráð og biður honum og fjölskyldu hans blessunar. Enn fremur er sýnt fram á að „fylgikvæðin“ séu af sama tagi og Frumtignarvísur, þ.e. ljóðabréf eða hlutar úr ljóðabréfum til séra Gísla frá föður hans. Að lokum eru kvæðin gefin út í fyrsta sinn, bæði stafrétt og með nútímastafsetningu.

SUMMARY

Frumtignarvísur: An unknown verse letter by Einar Sigurðsson í Eyðölum

Key words: Verse letters/Epistolary poems, Einar Sigurðsson í Eyðölum, Gísli Einarsson í Vatnsfirði, Magnús Jónsson í Vigur, Preservation of poetry, manuscript culture, Attributing authorship

A poem with the title “Frumtignarvísur” (*A poem to the Firstborn*) is to be found in the manuscript Lbs 847 4to, which was in all likelihood collected by Magnús Jónsson in Vigur in the year 1693. Two shorter poems, titled “Nú koma aðrar” (*Here is another poem*) and “En þessar eiga með að fylgja” (*But these are supposed to accompany them*), follow “Frumtignarvísur”. The manuscript contains religious poetry by various poets, some identified and some unknown, and some secular poetry as well. The author of the three poems under discussion is unidentified in the manuscript. Here I argue that the poems belong to the genre of verse letters/epistolary poems and, furthermore, that they were composed by the Reverend Einar Sigurðsson in Eydalir for his son the Reverend Gísli Einarsson in Vatnsfjörður by Ísafjarðardjúp in the Westfjords. I suggest that the purpose of “Frumtignarvísur” was to respond to the son’s complaints and to moralise over

him, but also to encourage him and give him paternal blessing. Furthermore, it is demonstrated that the third verse letter is of a similar kind to Frumtignarvísur, but the second poem is of a more affirmative nature, possibly from the time when the son started his career in the Westfjords. Finally, the first critical edition of the poems is presented at the end of the article, both in a diplomatic edition and in modern orthography.

Þórunn Sigurðardóttir

Research professor

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóli Íslands

Árnagarði v/Suðurgötu

IS-101 Reykjavík

thorunn.sigurdardottir@arnastofnun.is / thsig@hi.is